

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að innri endurskoðandi fái yfirlit yfir alla lögaðila sem keyptu fleiri en 10 miða á tónleika sem fram fóru í Hörpu hinn 12. október sl.***

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að innri endurskoðandi fái yfirlit yfir alla lögaðila sem keyptu fleiri en 10 miða á tónleika sem fram fóru í Hörpu hinn 12. október sl.

Svar:

Leitað var upplýsinga hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vegna framangreindrar fyrirspurnar. Í svari embættisins kom fram að umboð innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar til athugana nær hvorki til atburða né einstaklinga sem ekki eru á vegum samstæðu Reykjavíkurborgar.

Stefán Eiríksson  
borgarritari